



LUNDARSKÓLI

ÁBYRGÐ – VIRÐING - VELLÍÐAN

INNRA MAT LUNDARSKÓLA 2017 – 2018

Matsáætlun og matsskýrsla

Samantekt: Maríanna Ragnarsdóttir

Innihald

Innra mat Lundarskóla.....	3
Matsáætlun 2017 – 2018	3
Niðurstöður úr innra mati:	4
Mat á göngudegi 8. september 2017	4
Mat á Fjölgreindaleikum 13. september 2017	5
Mat á litlu jólum 21. desember 2017	6
Mat á Árshátíð 2018	7
Skýrsla nefnda/þróunarhópa:	8
Byrjendalæsi	8
Heilsueflandi grunnskóli	9
Skólapúlsinn.....	10
SMT teymi.....	13
Starfsþróunarverkefni í stærðfræði	15
Öryggis- og jafnréttisnefnd.....	15
Teymisvinna árganga:.....	16
Umbætur og þróun fyrir skólaárið 2018 - 2019	17

Innra mat Lundarskóla

Um innra mat í skólum segir m.a. í grunnskólalögum "Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Matsáætlun 2017 – 2018

Matsverkefni	Hvernig á að meta	Hver sér um matið	Þátttakendur	Hvenær á að meta	Lokið
Göngudagur	SVÓT greining	Umsjónarmaður verkefnis	Allt starfsfólk	September 2017	x
Fjölgreindarleikar	SVÓT greining	Umsjónarmaður verkefnis	Allt starfsfólk	September 2017	x
SMT-aga stefna	Matsblað	Stjórnendur	Kennarar		x
Litlu jól	SVÓT greining	Hátíðarnefnd	Allt starfsfólk	Janúar 2018	x
Árshátíð	SVÓT greining	Hátíðarnefnd	Allt starfsfólk	Mars 2018	x
Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri eldri deildar	Nemendur	Allt skólaárið	x
Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri eldri deildar	Foreldrar	Allt skólaárið	x

Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri eldri deildar	Starfsmenn	Allt skólaárið	x
Byrjendalæsi	Umræða og skýrsla	Leiðtogahópur í B-læsi	Hópur úr B-læsi	Vor 2018	x
Öryggis og jafnrétti	Umræða og skýrsla	Öryggis og jafnréttisnefnd	Öryggis og jafnréttisnefnd	Vor 2018	x
Heilsueflandi grunnskóli					x
Stærðfræði þróunarverkefni	Upplifun þróunarhóps	Leiðtogi verkefnisins	Þróunarhópur í stærðfræði	Vor 2018	x
Mat á námi og kennslu	Umræður og skýrsla teyma	Teymi árganga	Teymi árganga	Vor 2108, skýrslur teyma á í rafrænu formi á sameiginlegu svæði skólans	x

Niðurstöður úr innra mati:

Mat á göngudegi 8. september 2017

Á göngudeginum voru farnar sex mismunandi leiðir. 1. og 2.bekkur fór út í Glerárskóla, 3.og 4. bekkur gekk Nonnaleið, 5.og 6.bekkur fór að Hömrum og 8. - 10.bekkur hafði val um að ganga í Kjarnaskóg, ganga Þingmannaleið eða hjóla Eyjafjarðarhringinn og ljúka deginum í sundi. 7.bekkur tók ekki þátt í göngudeginum þar sem nemendur 7.bekkjara voru á Reykjum.

Gönguleiðirnar voru langflestar hæfilega langar og féllu vel að þörfum nemenda. Eftirfarandi þættir komu fram í matinu:

- Ferðin í Glerárskóla var hæfilega löng og leiksvæðið skemmtilegt. Góð tilbreyting og skemmtilegt fyrir nemendur að upplifa leiksvæði á öðrum vettvangi.
- Nonnaleið er góð gönguleið og býður upp á samþættingu við annað nám í skólanum í tengslum við rithöfundinn Jón Sveinsson. Einnig býður gönguleiðin upp á fjölbreytta viðkomustaði á leiðinni s.s. Lystigarðinn, leikvöll og fl.
- Leiðin að Hömrum var greið og flestir nemendur höfðu færni og getu til að ganga að Hömrum. Skipulagið var gott, góð aðstaða fyrir leik og nóg hægt að hafa fyrir stafni. Margir kennara

voru í þessari ferð. Nemendur á miðstigi óska þess að hafa val um gönguleiðir þar sem sumir hefðu kosið styttri vegalengd.

- Gönguleiðin í Kjarnaskóg er hæfilega löng í fallegu umhverfi og góð afþreying er í boði í skóginum. Hugsanlega væri gaman að hafa pylsur í boði fyrir nemendur samhliða þeim kaffiveitingum sem í boði voru fyrir starfsfólk. Gott er að hafa starfsmann á bíl á göngudegi til að flytja byrgðir til og frá skóla ásamt því að mæta óvæntum uppákomum sem geta átt sér stað í gönguferðum.
- Hjólaferðin gekk vel og vegalengdin var hæfilega löng. Mikilvægt er að nemendur hafi með sér sundföt þar sem skóladegi lýkur í sundi. Einnig þarf skráning í hópa að vera í fastari skorðum svo kennarar viti hvaða nemendur eiga að vera með í ferðinni.
- Þingmannaleið er góð og skemmtileg gönguleið. Mikil ánægja var með að brjóta upp hefðir og bjóða upp á þessa ferð. Sundrútan var nýtt til að keyra nemendum á upphafspunkt og var almenn ánægja með það. Leiðin er löng og því þarf að huga að líkamlegri getu nemenda og aðstoða nemendur við að velja gönguleið við hæfi. Hugmynd er um að bjóða upp á þessa gönguleið á þriggja ára fresti ásamt ferð á Súlur og Stóra hnjúk.

Niðurstöður úr mati gáfu einnig til kynna að skipulag þarf ávallt að vera í föstum skorðum á öllum stigum varðandi hópstjórn, skráningu í hópa, gönguleiðir, tímasetningar til og frá skóla og um skólalok. Einnig þurfa nemendur að fá skýr fyrirmæli um reglur í gönguferðum og almenna umgengni. Mikilvægt er að hver hópur fari af stað á sama tíma og starfsfólk þarf að vera búið að kynna sér leiðirnar vel og fylgja tímaskipulagi. Þetta á við um þá hópa/árganga sem fara saman í gönguferðir.

Mat á Fjölgreindaleikum 13. september 2017

Á Fjölgreindaleikunum var nemendum skipt niður í 34 hópa þvert á árganga. 10.bekkur sjá um hópstjórn og vinabekkir voru tengdir saman. Eldri nemendur fylgdu þeim yngri. Unnið var í 13 - 15 manna hópum í stöðvavinnu þar sem kennarar sáu um að skipuleggja stöðvavinnuna. Nemendur voru á hverri stöð í 8 mínútur og skiptu svo um stöð. Allir hóparnir fóru á allar stöðvarnar. Eftirfarandi skipulag var á starfstíma nemenda:

8:10 – Mæting í skólann, nemendur númeraðir (best að gera deginum áður).

8. 25 – 10. b kominn út og röðun í hópa hefst úti

8:40 – Stöðvavinna hefst og lýkur 12:28

12:40 – Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá, líka valgreinar. Hringt handvirkt inn.

Nemendur eru í hópunum þar til hringt verður inn.

Í innra mati skólans á Fjölgreindaleikunum komu fram eftirfarandi þættir:

- Mikilvægt er að endurnýja stöðvar reglulega
- Endurskoða þarf tímasetningar með tilliti til þess að of stuttur tími er á milli stöðva. Nemendur þurfa lengri tíma til að fara á milli stöðva. Einnig þarf að láta fyrstu stöðina vera aðeins lengri

þar sem ekki er hægt að byrja stöðvavinnu um leið og hringt er. Hug þarf að tímasetningum á mat því það myndast raðir þegar hálfur skólinn fer í mat á sama tíma. Þó kom fram að ró ríkti í matsalnum í hádegishléinu. Eftir mat átti 10. bekkur erfitt með að ná hópnum sínum saman.

- Starfsfólk skólans var almennt sammála um að 10. bekk tækist vel til og væru góðir hópstjórar.
- Stöðvavinnan rúllaði nokkuð vel og reynslan á slíku starfi er mikil. Nemendur voru ánægðir og einnig starfsfólk.
- Mikil ánægja er með að hafa aðeins einn dag í þessa vinnu.
- Starfsfólk var ánægt með að fá veitingar með kaffinu og kunna að meta það.

Niðurstöður úr matinu gefa til kynna að almenn ánægja er með Fjölgreindarleikana. Gott væri að fínstilla tímasetningar og lengja hverja stöð um 2-3 mínútur ásamt því að huga að skipulagi á t.d. KA vellinum þar sem stöðvarnar voru of nálægt hvor annarri og ekki í réttri röð. Einnig þarf að lengja fyrstu stöðina og hafa nafnaleik í upphafi stöðvavinnunnar á fyrstu stöðinni. Í skipulaginu þarf að huga að röðunum úti. Hafa raðirnar skýrari og t.d. hafa keilu fyrir framan hverja röð. Skipulag og undirbúningur kennara við stöðvavinnuna skiptir miklu máli svo starfið gangi vel. Í heildina er starfsfólk og nemendur skólans ánægðir með Fjölgreindarleikana og ósk er um að fjölga slíkum dögum, hafa einn að hausti og einn að vori.

Mat á litlu jólum 21. desember 2017

Litlu jólin voru haldin í Lundarskóla 20. og 21. desember. Nemendur í 8. - 10. bekk mættu á litlu jól að kvöldi 20. desember. Þá áttu nemendur stund með umsjónarkennurum í heimastofum og eftir það var spiluð tónlist, sungið og dansað á sal skólans undir stjórn kennara og deildarstjóra eldri deildar.

Nemendur í 1. - 7. bekk voru með sín litlu jól 21. desember. Litlu jólin hófust í heimastofu þar sem lesin var jólasaga, drukkið kakó og rólegheit í stofu. Eftir það var horft á helgileik 1. bekkjar og dansað í kring um jólatré í sal skólans. Litlu jólin voru tvískipt hjá nemendum í 1.- 7. bekk.

Í innra mati skólans kom fram áhugi um að færa litlu jólin í íþróttahús Lundarskóla til að allir geti dansað saman í kringum jólatréð. Mikilvægt er að hafa skipulagið skýrt og góða stjórn á hópnum þegar nemendafjöldinn er mikill eins og var á sal skólans. Einnig er gott að hafa undirspil frá Tónlistarskólanum þegar 1. bekkur sýnir helgileiki og fá undirspil á æfingartímanum.

Á unglingastigi má lengja stofustundina í 40 - 45 mínútur til að skapa gæðastund nemenda með umsjónarkennurum.

Í innra matinu kom fram styrkleikar sem mikilvægt er að byggja á við frekari framþróun á skipulaginu. Almenn ánægja var með helgileik 1. bekkjar og fyrirkomulag almennt gott hjá nemendum 1. - 7. bekkjar. Tímasetningar góðar, gott að fá kakó, lagaval gott og frábært að hafa lifandi tónlist. Einnig var almenn ánægja með fyrirkomulagið á unglingastigi. Nemendur og kennarar segja að kvöldið hafi verið skemmtilegt og vilja sjá þetta skipulag næstu árin.

Þegar horft er til umbóta þá er möguleiki á að þrí- eða fjórskipta litlu jólum hjá nemendum í 1. - 7. bekk svo aðstæðurnar í salnum verði betri. Eins og fram hefur komið er fremur gott og lagt til að halda því.

Mat á Árshátíð 2018

Skipulagið á árshátíðinni var með nýju sniði þetta skólaár þar sem nemendur úr 2. - 8. bekk sýndu atriði á sviði á árshátíðardeginum sjálfum 8. febrúar. Leiklistarval skólans var með sér sýningar á miðvikudeginum 7. febrúar á hefðbundnum starfstíma skólans. Þá fengu allir nemendur skólans að sjá atriðið á skipulögðum tíma. Foreldrar voru velkomnir báða dagana gegn vægu gjaldi. Á árshátíðardeginum mættu nemendur aðeins á þær sýningar sem þeir áttu að horfa á og/eða leika á.

Í innra mati skólans á árshátíðinni komu fram þættir sem þarf að bæta og þeir snúa að nemendum, búnaði og húsnæði.

- Varðandi nemendur var erfitt að æfa á sviði samhliða undirbúningi fyrir mat. Því var ekki hæft að æfa með leikmynd, lýsingu, hljóði eða leikmunum nema að litlu leyti. Mikilvægt er að fá æfingu með salnum rétt uppsettum eins og hann á að vera á árshátíðinni. Einnig þarf að passa betur að sviðið sé tilbúið fyrir æfingar og að allir árgangar fá æfingartíma í vikunni fyrir árshátíð. Æfa þarf atriðin vel og einnig kynna.
- Á árshátíðardeginum sjálfum þurftu nemendur að koma tvisvar í skólann. Annars vegar til að horfa og hins vegar til að sýna. Gott væri að nemendur gætu bæði horft og sýnt á sömu sýningu. Einnig voru of margir viðburðir í skólanum á svipuðum tíma. Þar má nefna upplestrarkeppnina, skákmót, námsmat o. fl.
- Varðandi búnað þá á skólinn ekki búninga fyrir alla og öll atriði. Aðstaða fyrir leikmuni þröng. Huga þarf að betra hljóðkerfi, fá hátalara á tengiganginn.
- Þar sem nemendum hefur fjölgað ört í skólanum er húsnæðið orðið of lítið. Salurinn er lítill og þar sem hann er einnig nýttur sem matsalur er álagið á starfsfólk meira en gengur og gerist. Á sýningum var salurinn of lítill miðað við fjölda áhorfenda og þá sýningar of fáar. Sæti vantaði fyrir gesti og erfitt var fyrir nemendur og starfsfólk að sitja á gólfinu.

Í innra matinu komu fram styrkleikar sem mikilvægt er að byggja á þegar skipulagið verður endurskoðað. Styrkleikarnir eru:

- Nemendur í mörgum árgöngum fengu tækifæri til að sýna atriði á árshátíðinni og sýndu skemmtileg og fjölbreytt atriði. Sýningar gengu vel fyrir sig og skipulag gott á árshátíðardeginum sjálfum. Sýningar hjá leiklistarvalinu gengu vel fyrir sig og það er mjög þroskandi fyrir alla nemendur skólans að taka þátt í verkefni sem þessu.
- Skipulagið tókst vel þar sem nemendur voru bæði að sýna og horfa á sömu sýningu. Nemendur voru góðir áhorfendur og foreldrar/forráðamenn sóttu sýningarnar vel. Upplýsingaflæði innan skólans var gott og hátíðarnefndin kom öllu vel til skila.

Niðurstöður úr matinu gefa til kynna að hnökrar voru á skipulaginu og mikilvægt er að endurskoða það. Mögulega væri betra að hafa tvöfaldan dag eða hafa tvo árs hátíðardaga og þá fleiri sýningar og e.t.v. stigskiptar sýningar. Einnig er ábending um að leiklistarvalið væri með sýningu báðna dagana. Til að nýta húsnæðið og aðstöðuna sem skólinn hefur til umráða væri hægt að hafa árs hátíðina í KA heimilinu. Varðandi tímasetningu á árs hátíðinni þarf að hafa tvo árs hátíðardaga og skoða tímasetningu í tengslum við aðra viðburði skólans.

Mikilvægt er að skipuleggja störf starfsfólks og skilgreina matar og kaffitíma betur ásamt því að hafa veitingar fyrir starfsfólk. Nokkur umræða var um kaffistölu 10. bekkjar og skiptar skoðanir eru um það hvort eigi að horfa til fyrra skipulags eða byggja á því sem var á þessari árs hátíð.

Möguleikar á frekari þróun er til staðar og lausnir að úrbótum til staðar. Þegar horft er á skipulagið í heild væri e.t.v. kostur að hafa þemadaga í tengslum við árs hátíðina sem lyki með árs hátíðarsýningu. Þá má auglýsa viðburðinn á samfélagsmiðlum, huga að hátíðleika og skreyta skólann með verkum nemenda.

Skýrsla nefnda/þróunarhópa:

Byrjendalæsi

Kennarar: Ágústa, Elfa, Hafdís, Rósa og Valla eftir áramót bættist Þóra í hópinn.

Hvað var gert í vetur:

Á fyrsta fundi settum við okkur eftirfarandi markmið og að gera BL meira sýnilegt innan skólans og efla enn frekar lestraráhuga hjá nemendum.

- Flokka byrjendalæsisverkefni, bæði inn á vinnusvæði yngsta stigs og á samgöngnum og hafa gögnin á einum ákveðnum stað til að auðvelda umgengni.
- Kryfja áætlanir.
- Skoða nýja læsisstefnu Akureyrar. Lykillinn
- Fara í heimsókn í aðra skóla til þess að skoða Byrjendalæsi.
- Skoða stíganda í BL verkefnum í tengslum við markmið í ísl.
- Útbúa verkefni sem nýtast í BL fyrir þemu sem eru oft notuð
- Fræðsla um Byrjendalæsi, upprifjun og umræður og jafnvel að fá aðila frá HA í heimsókn með fræðsluerindi.

Fundir

- Nokkuð reglulegir fyrir áramót en eftir það hefur verið erfiðara að ná hópnum saman vegna annara verkefna

- Höfum þó náð að flokka verkefni þannig að þau eru nú aðgengilegri bæði á samgögnum og í þessum pokum sem síðan á að bæta við verkefnum ef sama þema er notað.
- Læsisstefna Akureyrar <http://lykillinn.akmennt.is/> var skoðuð vel og kennarar hvattir til að nota sér alla þá leiðsögn sem hún býður upp á í kennslu og mati.
- Unnið er að leiðbeinandi plaggi Læsissteymis MSHA og BL leiðtoga í bænum þar sem verkfæri BL eru tengd við læsisþrepin á yngsta stigi og höfum við fylgst aðeins með þessari vinnu í vetur. Drög að þessari vinnu er komin í skólana og þarf að minna kennara á að skoða vel næsta skólaár.

Námsefni:

Miðlun á efni úr Handraða BL ásamt myndböndum og efni af moodle vef BL

Hvað gekk vel:

Gott að hittast og miðla og fræðast og halda fólki við efnið.

Hvað þarf að bæta og leiðir að úrbótum:

Tel að lestrarnefnd þar sem allur skólinn er undir sé meira aðhald við lestrarhvatningu upp skólann.

Heilsueflandi grunnskóli

Nefndarfólk: Sigrún Kristín, Alda Bjarna og Helga Guðrún.

Hvað var gert í vetur:

- Stuðlað að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks.
- Stuðlað að því að bæta námsárangur nemenda með bættri heilsu og líðan.
- Unnið með geðrækt og aðra þætti sem búið er að taka fyrir í samræmi við áætlun um heilsueflandi grunnskóla, mataræði/tannheilsa, hreyfing/öryggi, nærsamfélag, heimilin,

starfsfólk og nemendur.

Leiðir

- Farið yfir gátlista af heimasíðu
- Rætt við stjórnendur
- Fengin fræðsla um núvitund
- Fullt af súkkulaði á kaffistofu ☺
- Hjólað í vinnuna
- Upplýsingar á heimasíðu

Gagnagrunnur:

Heilsueflandi.is

- Heimasíða sem heldur utan um gögn skólans
- Gögn af lokuðu svæði færð inn á gagnagrunninn

Hugmyndir og leiðir að starfs- og skólaþróun:

- Vinna við að útbúa heilsustefnu Lundarskóla
- Nýta styrk sem til er í skólanum til að kaupa tæki sem nýtast nemendum (300 þúsund)
- Nýta styrk sem til er í skólanum fyrir starfsfólk (150 þúsund)
- Taka fyrir lífsleikni ásamt fyrri þætti sem falla undir heilsueflandi grunnskóla

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er rafræn könnun sem er lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 6 sinnum á skólaárinu, í október, nóvember, desember, febrúar, mars og apríl. Svarhlutfall nemenda var tæplega 88%.

Foreldrakönnun er lögð fyrir í febrúar og var svarhlutfall tæplega 82%

Nemendakönnunin skiptist í 3 meginþætti:


- virkni nemenda í skólanum
- líðan og heilsu
- skóla- og bekkjaranda

Foreldrakönnunin skiptist í :


- nám og kennsla
- velferð nemenda
- aðstaða og þjónusta
- foreldrasamstarf
- heimastuðningur

Að auki eru birt opin svör nemenda og foreldra. Skólapúlsinn er hluti af innra mati Lundarskóla.

Samantekt á nemendakönnun leiðir í ljós að miðað við sambærilega stærð á skóla þá erum við á svipuðu róli með flesta þætti, erum að jafnaði rétt yfir landsmeðaltali. Stúlkur hafa almennt meiri ánægju af lestri en drengir, en það er ekki marktækur kynjamunur hvað varðar áhuga á stærðfræði eða náttúrufræði. Hins vegar er marktækur munur á áhuga á náttúrufræði í 9. og 10. bekk. Nemendur í þessum árgöngum hafa umtalsvert meiri áhuga á náttúrufræði en nemendur annars staðar á landinu.




Trú á eigin vinnubrögðum er einnig áberandi mest í 10. bekk og marktækur munur á landsvísu.



Nemendur Lundarskóla gera sér grein fyrir mikilvægi heimavinnu og það er í samræmi við svör foreldra.


Einelti er umtalsvert minna og áberandi minnst í 8. bekk. Það er ljóst að það er góður agi í tímum í Lundarskóla og meiri eftir því sem ofar dregur, mestur í 9. og 10. bekk og er munurinn þar umtalsverður. Þá kemur það fram í foreldrakönnun að það er hæfilegur agi í Lundarskóla. Í spurningakönnun foreldra segja 7 foreldra að barnið þeirra hafi orðið fyrir einelti og af þeim finnst 2 að úrvinnsla skólans hafi ekki verið nægilega hröð. Það kemur einnig fram í foreldrakönnuninni að það hafi dregið úr einelti og að það standi styttra yfir en áður og hefur tímabil eineltis aldrei verið minna.

2.10. Meðaltímabil eineltis – Ársmeðaltöl




Foreldrar nýta sér síður Frístund, miðað við sambærilega stærð skóla og er munurinn nokkur eða 17%. Meginástæður þess að foreldrar nýta ekki Frístund er að þeir þurfa ekki á henni að halda eða að barnið hafi ekki áhuga á að vera í Frístund. Það kemur fram í svörum foreldra að barnið er í tómsundastarfi fljótlega eftir skóla og þurfi þess vegna ekki á þessari þjónustu að halda.

3.4. Þarf hana ekki



Það er minni ánægja með mótuneyti skólans og það hefur dregið úr ánægju milli ára. 62,1% foreldra eru ánægð með máltíðir í mótuneytinu.

3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mótuneyti – Árgangar



Það kemur þó fram í opnum svörum bæði foreldra og nemenda að það er mikil ánægja með salatbar sem settur var upp um miðjan janúar.

Tæplega 95% foreldra segjast vera ánægðir með stjórnun skólans og hefur sú ánægja vaxið allt frá árinu 2013. Ánægja með kennslu í skólanum hefur verið vaxandi frá árinu 2013 en örlítið hefur dregið úr ánægju foreldra en munurinn er ekki marktækur.

Að lokum birtum við 3 svör við opinni spurningu þar sem nemendur eiga að segja hvað þeim finnst gott við Lundarskóla:

Mér finnst gott að námsefnið er krefjandi en ekki um of. Við lærum vel en erum ekki að drukkna.

Það eru flestir kurteisir og skemmtilegir við hvort og annað, Það eiga allir allavega 1-2 bestu vini, Kennararnir eru skemmtilegir og kurteisir, Það er þægilegt í skólanum, Ég á marga vini og ég elska þennan skóla :) <3

Það sem mér finnst gott við skólann er að það er góður matur, frábærir vinir og hvað kennararnir reyna að vera góðir við mann.

SMT teymi

Nefndarmenn: Alda Stefáns, María, Særún og Fjóla.

Hvað var gert í vetur:

- Reglulegir fundir yfir skólaárið
- Starfsmenn skólans unnu að endurbættri reglutöflu
- Allar reglur endurskoðaðar og einfaldaðar
- SMT möppur innkallaðar
- Reglurenningar hannaðir, prentaðir, plastaðir og þeim útdelt
- Reglumyndir hannaðar, prentaðar, plataðar, sumt hengt upp en annað bíður næsta skólaárs.
- Vitar með nýjum einkunnarorðum prentaðir og þeim dreift
- Grunur lagður að sýnilegum einkunnarorðum á göngum og anddyri, er í höndum stjórnenda
- Gátlisti fyrir reglukennslu aðlagður að nýjum reglum ,tilbúin til notkunar á nýju skólaári.
- Reglukennsla fyrir starfsfólk SMT skólanna þriggja var í janúar
- Nýtt árshjól gert fyrir vorönn 2018
- Verið er að vinna að reglukennslu og aðlaga kennsluna að nýjum reglum.

Námsefni:

- Útbúið var námsefni fyrir kennara og annað starfsfólk.

Hvað gekk vel:

- Starfsfólk Lundarskóla jákvætt og tilbúið í þátttöku við að breyta og vinna að innleiðingu
- Vinna að innleiðingunni, inntak og útlit nýrrar reglutöflu heppnaðist vel
- Ýmsar nýjungar litu dagsins ljós, minnum á að mikilvægt er að halda því á lofti.

Hvað þarf að bæta og leiðir að úrbótum:

- Skólastjóri verður að koma meira að SMT, leggjum til að hann verði í nefndinni næsta skólaárið.
- Vantar aðeins upp á að SMT flæði í gegnum ALLT skólastarf.
- Ekki er hægt að nota SMT horn í anddyri sem geymslu, ef geyma á borð og borðtennisborð þar verður að finna nýjar leiðir fyrir sýnileg gögn SMT
- Óásættanlegt að í hvert sinn sem við bjóðum foreldrum í skólann, líkt og við skólaslit og árshátíð séu allar reglur og upplýsingar um SMT byrgðar.
- Flagga skal SMT fána að húni á tyllidögum sem og aðra daga, athugið að við þurfum nýjan fána okkar gamli er verulega slitinn.
- Halda verður áfram að kynna nýju starfsfólki reglur, viðhorf og venjur
- SMT skal rætt og farið yfir reglulega á kennara- og starfsmannafundum
- Til stendur að allir SMT skólar Akureyrar endurskoði SMT möppur og útbúið verði vefsvæði þar sem öll gögn SMT verða aðgengileg.

Koma þarf gullvitum í framkvæmd

Hugmyndir og leiðir að starfs- og skólaþróun:

- Okkur þykir einnig mikilvægt að kennari á hverju stigi verði í SMT teymi næsta

vetur.

**ATHUGIÐ AÐ FYRSTA VINNA HAUSTSINS ER AÐ KLÁRA AÐ VINNA
REGLUKENNSU UR MÖPPUNNI OG AÐLAGA AÐ NÝJUM REGLUM.
GERA ÞAÐ VERÐI AÐGENGILEGT FYRIR ALLA STARFSMENN SKÓLANS.**

Starfsþróunarverkefni í stærðfræði

Verkefnið var unnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Þátttakendur innan skólans voru Friðgeir Guðmundsson, Helga Rún Traustadóttir, Ingibjörg Eyjólfsdóttir og Vordís Guðmundsdóttir. Leiðtogi verkefnisins var Ingibjörg Eyjólfsdóttir.

Verkefnið hófst með þriggja skipta leiðtoganámskeiði í HA, síðan funduðu leiðtogar þátttökuskólanna fjórum sinnum yfir veturinn. Innan skólans funduðu þátttakendur 2 – 3svar í mánuði frá nóv.-apríl. Á þessum tíma voru keyrðir svokallaðir þróunarhringir þar sem kennarar lögðu fyrir nemendur ákveðin verkefni í hverjum hring.

Í byrjun hvers þróunarhrings fundaði leiðtogi með þátttakendum, ræddi lesefni sem kom frá háskólunum og lögð voru drög að kennsluáætlun. Síðan undirbjó hver kennari kennsluna í sínum bekk, lagði verkefnið fyrir og í lokin hittist hópurinn aftur og ræddi hvernig til tókst.

Þátttakendur voru sammála um að svona verkefni sé jákvætt fyrir skólastarfið, bæði kennarar og nemendur græði á því. Í þessu verkefni var unnið með svokölluð opin verkefni, en slík verkefni hafa fleiri en eina lausn. Þau geta tengst öllum námsþáttum stærðfræðinnar, þau skapa samræðu og ýta undir fjölbreyttar lausnarleiðir. Nemendur þurfa að orða hugsun sína og nota hugtök stærðfræðinnar. Þetta verkefni teljum við að muni skila fjölbreyttari kennsluháttum inn í stærðfræðikennsluna, sérstaklega þáttum sem tengjast fyrstu þremur köflum hæfniviðmiða í stærðfræði aðalnámsskrár grunnskóla. Þessum þáttum teljum að sé ekki nógu vel sinnt í dag og leggjum til að kennarar setji inn fasta tíma í kennsluáætlun þar sem unnið er með verkefni sem krefjast samræðu og vinnu með hugtök og tungumál stærðfræðinnar. Leiðtogi leggur einnig áherslu á að fleiri kennarar taki þátt í verkefninu næsta vetur því svona vinna á heima í öllum árgöngum skólans.

Öryggis- og jafnréttisnefnd

Hvað var gert í vetur:

Í nefndinni sátu Elías Gunnar Þorbjörnsson, skólastjóri, Jóhannes Áslaugsson, kennari, Soffía Steinunn Garðarsdóttir, skólaliði og Valur Smári Friðvinsson, húsvörður.

Kosið var í nefndina eftir áramót og voru þau Jóhannes og Steina valin af starfsfólki og Valur

skipaður af skólastjóra.

Nefndin hittist þrisvar á skólaárinu auk þess sóttu meðlimir teymisins námskeið hjá vinnueftirlitinu.

Nefndin tók á móti vinnueftirlitinu 2. febrúar 2018 þar sem vinnuaðstæður voru skoðaðar. Nokkur atriði fengu athugasemdir

1. Áætlun um öryggi og heilbrigði var ekki til, nefndin vann að áætluninni og var henni skilað nú í byrjun júní 2018
2. Ekki voru sýnileg öryggisblöð fyrir hættumerkt efni í skólanum. Þessu var kippt í liðin af húsverði nú í vor.
3. Augnskol vantaði í efnafræðistofu. Þetta fór húsvörður einnig og keypti og kom fyrir á réttum stað.

Hvað gekk vel:

Nefndin átti gott samstarf og er starfið í mótun. Mjög gott er að áætlun um öryggi og heilbrigði hafi verið kláruð.

Teymisvinna árganga:

Lundarskóli er teymisskóli þar sem kennarar vinna í teyllum sem miða að faglegum vinnubrögðum og þróa með sér nýja þekkingu. Einnig er hún fólgin í samvinnu í samstilltum starfshópum sem hafa sameignlega sýn og markmið. Öll kennarateymi í skólanum leggja áherslu á námsumhverfis sem henta hverjum og einum nemanda. Fjölbreyttar kennslaáferðir eru nýttar til að sinna þörfum sem flestra nemenda þar sem áherslur eru lagðar á sterkar hliðar hvers og eins. Jafnframt fá nemendur tækifæri til að þróa sjálfstæð vinnubrögð, eigin námsstíl og verklag í námi. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðun í námi og kennslu í öllum árgöngum og unnið að einstaklingsmiðuðum námsmatsaðferðum á öllum aldurstigum. Slíkar námsmatsaðferðir taka á fjölbreyttu námsmati hjá öllum árgöngum í flestum greinum. Matið fer fram í gegnum Mentor K3 þar sem markmið og mat á markmiðum með námi eru sýnileg foreldrum og nemendum. Lokamat fer einnig í gegnum Mentor K3 og þá fær hver nemandi vitnisburð eftir skólaárið bæði í rafrænu- og út prentuðu formi.

Umsjónarkennarateymi sjá um alla bóklega kennslu í hverjum árgangi fyrir sig auk sérkennslu í samstarfi við sérkennara skólans.. Með þessu deila kennara ábyrgð á nemendum, námi og kennslu í árgöngunum.

Í skólanum starfa teymi list- og verkgreinakennara og íþróttakennara. Hvert teymi fyrir sig sér um skipulag á námi og kennslu í þessum greinum. Heill árgangur fer ávallt saman í list- og verkgreinar ásamt íþróttir. Sund er skipulagt sérstaklega í samræmi við afnot af sundlauginni.

Öll teymi skólans skiluðu ítarlegum skýrslum um nám, kennslu, skipulag og framþróun í starfi á lokað svæði skólans og eru þær aðgengilegar starfsfólki hans.

Umbætur og þróun fyrir skólaárið 2018 - 2019

Aukin vellíðan nemenda, árangur og ánægja í námi eru áhersluþættir sem Lundarskóli miðar ávallt að. Í Lundarskóla er lögð áhersla á nám og kennslu, SMT skólafærni, heilsueflingu, foreldrasamstarf, fjölbreytta kennsluhætti, námsmat/frammistöðumat í gegnum Mentor K3, heilsueflingu, þróunarstarf, faglegt samstarf starfsfólks, samstarf milli skólastiga, skipulagða fundi, og aukið samstarf og gleði meðal starfsfólks.

Næsta skólaár verður lögð áhersla á starfsþróun kennara í minni starfsþróunarhópum sem miða að áhuga hvers og eins. Eftirfarandi verkefni verða áfram í framþróun og einnig fara ný þróunarverkefni í gang:

- Áframhaldandi framþróun verður á SMT þar sem áhersla verður lögð á að gera einkunnarorð skólans sýnilegri í skólasamfélaginu og kenna reglur í samræmi við nýja reglutöflu skólans.
- Nefnd heilsueflandi grunnskóla mun starfa áfram við skólann til að styðja við aukna hreyfingu og heilsueflingu nemenda og starfsfólks.
- Hópur kennara mun einnig starfa áfram að framþróun í stærðfræði og fá stuðning frá Háskólanum á Akureyri.
- Teymi kennara í 1. -2. bekk fer af stað með nýtt þróunarverkefni með áherslu á innleiðingu og þróun á spjaldtölvunotkun í námi og kennslu. Óskað verður eftir stuðningi frá aðilum með reynslu og þekkingu á spjaldtölvuvæðingu yngri nemenda. Þar má nefna Háskólann á Akureyri/Miðstöð skólaþróunar, kennara í öðrum skólum og skólaheimsóknir í aðra skóla á Akureyri og höfuðborgarsvæðinu. Áherslurnar verða lotubundnar og í fyrstu verður áhersla lögð á sögugerð á rafrænu formi.
- Kennarar á unglingastigi byrja á þróunarverkefni í samstarfi við erlenda skóla í gegnum Erasmus Plus og Nord Plus Junio. Búið er að samþykkja tveggja ára Nord Plus verkefni.
- Þróunarstarf varðandi verklega náttúrufræðikennslu mun hefja göngu sína og verður það samstarfsverkefni milli unglingastigskenara í náttúrufræði á Akureyri.
- Þróun í Læsi til náms hefst í október. Kennara á mið- og yngra stigi taka þátt í þróunarvinnunni. Miðstöð skólaþróunar mun styðja við verkefnið og veita aðhald.
- Námskeið sem miðar að þróun á fyrirkomulagi bekkjarfunda verður í boði fyrir alla kennara skólans. Miðstöð skólaþróunar mun sjá um þróunarnámskeiðið.

Í samstarfsáætlun/skorkorti skólans ásamt Starfsþróunar og símenntunaráætlun speglast áherslur sem skólinn miðar að. Samstarfsáætlun/skorkort fyrir skólaárið 2018 – 2019 er unnið af stjórnendum skólans og tekur mið af áherslum og áhuga starfsfólks skólans um framþróun í starfi. Áætlunin verður kynnt fyrir starfsfólki að hausti 2018.

Matsáætlun fyrir skólaárið 2018 – 2019 verður gerð á haustdögum 2018. Nefnd um innra mat verður skipuð í ágúst og mun nefndin sjá um að gera áætlunina ásamt því að kynna hana fyrir starfsfólki Lundarskóla. Áætlunin verður unnin með hliðsjón af verkefnum sem tengjast skólastarfi og eru á skóladagatali skólans ásamt niðurstöðum úr skólapúlsinum. Einnig verður áhersla lögð á mat á þróunarverkefnum sem starfsfólk skólans tekur þátt í. Matsáætlunin verður gerð sýnileg á heimasíðu skólans í starfsáætlun Lundarskóla og niðurstöður birtar í skýrslu um innra mat í lok skólaársins 2018 – 2019.